

## REGLUGERÐ

### um velferð sjávarspendýra við fiskveiðar og fiskeldi í sjó.

1. gr.

*Tilgangur og gildissvið.*

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð sjávarspendýra sem gætu orðið fyrir skaða við fiskveiðar og fiskeldi í sjó.

2. gr.

*Bann við að skaða sjávarspendýr af ásetningi.*

Óheimilt er við fiskveiðar eða við fiskeldi í sjó að skaða sjávarspendýr af ásetningi, þ. á m. að fanga, særa eða veiða sjávarspendýr. Um meðferð sjávarspendýra við fiskveiðar eða við fiskeldi í sjó fer að öðru leyti eftir lögum um velferð dýra.

3. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

4. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. ágúst 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Kolbeinn Árnason.*